

1.2.2011

Iðnaðarnefnd Alþingis óskaði eftir umsögn ferðamálaráðs um frumvarp um Framkvæmdasjóð ferðaþjónustunnar.

Umsögn ferðamálaráðs:

Ferðamálaráð lýsir yfir ánægju sinni með að ríkisvaldið hyggist taka af festu á þeim vanda sem skapast hefur á fjölsóttum ferðamannastaðum víða um land og fagnar ráðið því eindregið stofnun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Umsögn ferðamálaráðs um frumvarp um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða er hins vegar óhjákvæmilega nátengd skoðun ráðsins á tillögum um fjármögnun hans - þ.e. innheimtu farþegagjalds og gistináttagjalds. Æskilegt væri því að fjalla um þessi tvö frumvörp í samhengi.

Til að fjalla eingöngu um það frumvarp sem hér er til umsagnar leyfir ferðamálaráð sér að lýsa yfir furðu sinni yfir að ekki sé gert ráð fyrir að farþegagjaldið og gistináttagjaldið, sem stefnt er að innheimtu á, renni óskert í þennan mikilvæga sjóð og vísar þar til ályktana sinna af fyrri fundum þar sem segir:

Ferðamálaráð telur afar mikilvægt að allar tekjur af fyrirhuguðu umhverfisgjaldi á ferðaþjónustu renni óskertar til Framkvæmdasjóðs ferðaþjónustunnar svo stuðla megi að kraftmikilli uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða um land allt. Mörg og brýn verkefni brenna á stjórnvöldum og greininni í þessu efni því viðhald og uppbygging undangenginna ára hefur verið af allt of skorum skammti miðað við vöxt ferðaþjónustu og mikilvægi hennar í íslensku efnahagslífi. Tilkoma öflugss Framkvæmdasjóðs ferðaþjónustunnar er því lykilatriði ef takast á að vernda náttúru landsins og byggja upp íslenska ferðaþjónustu til framtíðar.

Jafnframt virðist frumvarpið mismuna landeigendum eftir hvort um er að ræða opinbera eða einkaaðila. Í 1. gr. 2. lið skilyrða fyrir úthlutun segir: „Framlög til einkaaðila eru háð því skilyrði að um sé að ræða ferðamannastaði sem eru ávallt opnir almenningi án endurgjalds.“ Engin sambærileg krafa er gerð vegna ferðamannastaða í opinberri eigu og gerir ferðamálaráð athugasemd við þetta.

Með vinsemd,
f.h. ferðamálaráðs,

Helga Haraldsdóttir,
skrifstofustjóri iðnaðarráðuneyti